# VR blaðið

8. tbl. 23. árg. – Desember 2001 – Upplag: 20.500

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

## Heimsókn í Brimborg

Í miðopnu blaðsins eru myndir frá heimsókn okkar í fyrirtækið Brimborg á Bíldshöfðanum. Rekja má upphaf þessa fyrirtækis nær fjörutíu ár aftur í tímann og hefur það aukið og eflt starfsemi sína mikið. Hjá fyrirtækinu starfar fjöldi félagsmanna VR.






## GLEÐILEG JÓL OG FARSÆLT KOMANDI ÁR

Desembermánuður er mesti annatími verslunarfólks og álag mikið. Í þessu jólablaði VR blaðsins eru upplýsingar um mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga í mánuðinum. Aðstandendur VR blaðsins vilja jafnframt nota þetta tækifæri og óska lesendum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

## Samstarf VR og Verslunarmannafélags Akraness

# Nauðsyn að sameina verslunarmannafélög

VR blaðið
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

**Útgefandi:** Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, Húsi verslunarinnar – Sími 510 1700 – Fax 510 1717
Netfang: vr@vr.is – Heimasíða: www.vr.is

**Ábyrgðarmaður:** Magnús L. Sveinsson

**Ritstjóri:** Steinunn Böðvarsdóttir

**Útlit:** Ólafur Gaukur

**Auglýsingastjóri:** Inga Ingvarsdóttir, símar 565 2579 og 565 2571 – Netfang: mina@islandia.is

**Umbrot og prentvinnsla:** Prentmet ehf.

**Starfsfólk á skrifstofu:**
Magnús L. Sveinsson, formaður, Gunnar Páll Pálsson, forstöðumaður hagdeildar, Guðmundur B. Ólafsson, lögfræðingur, Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramáladeildar, Alda Sigurðardóttir, Anna B. Siggeirsdóttir, Auður Búadóttir, Árni Leósson, Bertha Biering, Björn Halldór Björnsson, Einar M. Nikulásson, Elín Sveinsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Elvar Níelsson, Grétar Hannesson, Guðrún Erla Hafsteinsdóttir, Guðrún Þorgerður Hlöðversdóttir, Hafsteinn J. Hannesson, Hansína Gísladóttir, Harpa Gunnarsdóttir, Kristín Sveinsdóttir, Laufey Eydal, Rannveig Rögnvaldsdóttir, Reynir Jósepsson, Rósmarý Úlfarsdóttir, Sigrún Viktorsdóttir, Snorri Kristjánsson, Steinunn Böðvarsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir, Þorgrímur Guðmundsson og Þórunn Jónsdóttir.

**Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:**
Magnús L. Sveinsson formaður, Stefanía Magnúsdóttir varaformaður, Elín Elíasdóttir ritari og Edda Kjartansdóttir gjaldkeri.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson,

Varamenn: Valdís Haraldsdóttir og Ingveldur Sigurðardóttir.

**Stjórn Orlofssjóðs VR:**
Elín Elíasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Grétar Hannesson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Reynir Jósepsson og Valur M. Valtýsson.

**Stjórn Sjúkrasjóðs VR:**
Magnús L. Sveinsson, Steinar J. Kristjánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Kolbeinn Sigurjónsson og Stefanía Magnúsdóttir.

**Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR:**
Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og Sigurður Sigfússon.



**Frá Akranesi.** Ljósmynd: Ragnar Axelsson - Morgunblaðið

# Samstarf VR og VA

Verslunarmannafélag Akraness og Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hafa gert með sér samstarfssamning sem tekur gildi 1. janúar 2002. Markmiðið með samstarfi félaganna er að þau sameinist í eitt félag að loknum tveggja ára reynslutíma.

Verslunarmannafélag Akraness (VA) átti frumkvæði að þessum samningi um samstarf og sameiningu og stjórn VR samþykkti að verða við beiðni félagsins. Samningurinn kveður á um að félagsmenn VA öðlast full réttindi miðað við reglur VR frá gildistöku samningsins. Í öllum meginatriðum gengur samningurinn út frá því að félögin séu rekin sem eitt félag á reynslutímanum. Fyrir lok samningstímans skulu félögin taka afstöðu til samruna félaganna. Komi til sameiningar skulu allar eignir VR og VA sameinast og verður félagið þá rekið undir einu nafni. Afstaða til sameiningar, ef til hennar kemur, verður þá lögð fyrir aðalfund VR.

Mikil umræða hefur farið fram um skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar á undanförnum misserum. Þó einstaka breytingar hafi átt sér stað og félög sameinast og stækkað einingarnar hefur sú þróun gengið mjög hægt. Í samtökum verslunarmanna hafa engar breytingar átt sér stað, með einni undantekningu, þegar verslunarmannafélög Árnessýslu og Rangárvallasýslu sameinuðust í eitt félag fyrir nokkru.

Á þessum vettvangi hefur oft verið bent á nauðsyn þess að sameina verslunarmannafélög og stækka einingarnar með það að markmiði að gera félögin að því afli sem þarf til að veita félagsmönnum nauðsynlega þjónustu. Mikill meirihluti félaga innan Landssambands ísl. verzlunarmanna (LÍV) eru svo fámenn að þau geta næsta litla þjónustu veitt. Af þeim 25 verslunarmannafélögum sem eru í LÍV, eru 12 með færri en 70 félagsmenn og 17 félög eru með færri en 200 félagsmenn. Rekstrargrundvöllur svo lítilla félaga hlýtur að vera mjög erfiður eða vonlaus. Það segir sig sjálft að tekjur svo fámennra félaga nægja hvergi til að standa undir þeirri þjónustu sem nauðsynlegt er að veita í nútíma þjóðfélagi. Enda er raunin sú að félögin leita mikið til VR eftir þjónustu og upplýsingagjöf. Aðeins 4 félög innan LÍV eru með fleiri en 500 félagsmenn.

Í raun eru þessi mál ekki flókin. Það sem gera þarf er að kortleggja landið og sameina félögin í fá og það stór félög að þau geti hvert og eitt veitt nauðsynlega þjónustu. Með nútíma fjarskiptatækni, sem stöðugt verður fullkomnari, eru fjarlægðir ekki sama vandamál og áður. Það er þekkt á mörgum sviðum, eins og fjarkennslu sem er stunduð í vaxandi mæli, margir stunda vinnu fjarri höfuðstöðvum fyrirtækisins með tilkomu fjarskiptatækninnar og bankaviðskipti einstaklinga fara í vaxandi mæli fram í tölvusamskiptum. Þannig er þetta á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins. Það er hægt að veita fullkomna þjónustu sem ekki er háð vegalengdum eins og áður var.

Verslunarmannafélag Akranes hefur sýnt gott fordæmi og það er ljóst að félagið gerir sér grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa að undanförnu með bættum samgöngum og fjarskiptatækni. Félagið vill laga sig að þessu breytta umhverfi með það að markmiði að geta veitt félagsmönnum sínum sem besta þjónustu á hverjum tíma. Því ber að fagna.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur sendir öllum félagsmönnum sínum og öðrum landsmönnum bestu óskir um friðsæla jólahátíð og farsæld á komandi ári. MLS

# FRESTUN Á ENDURSKOÐUN KJARASAMNINGS VR og SA




Skrifað hefur verið undir samkomulag milli VR og Samtaka atvinnulífsins (SA) um frestun á endurskoðun á launalið kjarasamnings aðila fram í maí á næsta ári. Þessi frestun kemur í kjölfar samkomulags verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og ríkisvaldsins um aðgerðir til að lækka verðbólgu, styrkja gengi krónunnar og lækka vexti.

**Forsenda kjarasamnings VR og SA frá árinu 2000 er að verðbólga fari minnkandi og gerir samningurinn ráð fyrir að hægt sé að segja launalið hans upp í febrúar árið 2002 bregðist sú forsenda. Að óbreyttu stefnir í að verðbólga verði meiri en samningurinn gerir ráð fyrir.**

Þríhliða viðræður verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og ríkisstjórnar hafa leitt til samkomulags um aðgerðir til að tryggja stöðugleika og lækka verðbólgu. Með tilliti til þess var það ákvörðun stjórnar VR, fulltrúa Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og fulltrúa SA, sem hafa með endurskoðun samningsins að gera, að fresta endurskoðun hans fram í maí 2002.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að verði vísitala neysluverðs ekki hærri en 222,5 stig í maí 2002 teljist verðlagsforsendur kjarasamninga hafa staðist. Þetta svarar til um 3% verðbólgu. Bregðist það hins vegar eru launaliðir kjarasamninga uppsegjanlegir í maí með þriggja mánaða fyrirvara.

## Aðkoma atvinnurekenda

Samkomulagið gerir ráð fyrir sértækum aðgerðum atvinnurekenda og stjórnvalda. Aðkoma atvinnurekenda felur m.a. í sér 1% framlag atvinnurekenda í séreignarlífeyrissjóð launþega án þess að mótframlag komi til. Gildir þetta ákvæði frá og með 1. júlí 2002. Áfram gildir reglan um 2% mótframlag gegn 2% viðbótarsparnaði launþega og leiðir þessi viðbót ekki til hækkunar á því. Þá gildir þetta ekki í þeim tilvikum þar sem lög- og samningsbundin lífeyrisframlög vinnuveitenda eru samtals 7% eða hærri.

Þá er gert ráð fyrir að launahækkanir 1. janúar 2003 verði hærri sem nemur 0,4% en kveðið er á um í samningum. Þessar breytingar koma ekki til framkvæmda ef launaliðum kjarasamninga verður sagt upp í maí.

## Aðkoma ríkisstjórnarinnar

Í yfirlýsingu frá ríkisstjórninni segir að stefnan í lánamálum ríkisins taki einkum mið af almennri þróun efnahagsmála og muni taka tillit til markmiða samkomulags aðila vinnumarkaðarins og stöðunni á innlendum lánamarkaði. Þetta geti falið í sér breytingar á lánasamsetningu ríkissjóðs án þess að um aukningu heildarskulda verði að ræða. Ríkissjóður hafi á þessu ári aukið lántökur sínar á erlendum markaði í því skyni að styðja við gengi krónunnar og hamla gegn verðbólgu. Á innlendum lánamarkaði verði áfram stefnt að því að styrkja vaxtamyndun og auka skilvirkni markaðarins. Á árinu 2002 verði þannig horft jafnt til áhrifa lánamála ríkissjóðs á gengi krónunnar og langtímaáhrifa á innlenda eftirspurn og verðbólgu.

Þá munu stjórnvöld beita sér fyrir því að tollar á grænmeti verði felldir niður á nokkrum tegundum og lækkaðir á öðrum. Í staðinn verða m.a. teknar upp beingreiðslur til framleiðenda. Þá er gert ráð fyrir lækkun tryggingagjalds um 0,27% á árinu 2003, úr 6% í 5,73%, og að stjórnvöld komi að starfsmenntamálum launafólks innan ASÍ.

# Ekki jólaskemmtun á vegum VR í ár

Ekki verður haldin jólaskemmtun á vegum VR um þessi jól.

Á síðasta ári bauðst VR-félögum að taka þátt í jólaskemmtun Eflingar en þátttaka var fremur dræm. Árin þar á undan hefur félagið staðið fyrir jólaskemmtun fyrsta sunnudag á nýju ári en að þessu sinni ber hann upp á þrettándann.

Að teknu tilliti til þessa, og með það í huga að æ fleiri aðilar bjóða nú jólaskemmtun af einhverju tagi, var ákveðið að halda ekki jólaskemmtun á vegum félagsins um þessi jól.

# Vinningsnúmer í happdrætti VR

Dregið hefur verið í happdrætti VR sem haldið var í tengslum við launakönnun félagsins árið 2001.

Allir sem tóku þátt í könnuninni fengu happdrættisnúmer og höfðu möguleika á að vinna ferðavinning. Einungis var dregið úr innsendum könnunum. Vinningshafar hafi samband við VR í síma 510 1700.

**Vinningsnúmerin eru sem hér segir:**

*1. verðlaun,* kr. 100.000 ferðavinningur, könnun nr. 7498,

*2. - 3. verðlaun,* kr. 50.000 ferðavinningur, kannanir nr. 4889 og 9122,

*4. - 10. verðlaun,* kr. 20.000 ferðavinningur, kannanir nr. 2065, 3845, 8566, 11158, 12051, 13817 og 14557.




# ÞÆR BESTU Í BÆNUM?

MAARUD



**Frá Akranesi** Mynd: Pálmi Guðmundsson

# VR og verslunarmenn á Akranesi í samstarf

**Félagsmenn í Verslunarmannafélagi Akraness öðlast full réttindi miðað við reglur VR strax við gildistöku samstarfssamnings félaganna tveggja nú um áramót. Þeir félagsmenn sem gerast aðilar að VA eftir að samningurinn tekur gildi ávinna sér rétt í samræmi við reglur VR um nýja félagsmenn.**

Undirritaður hefur verið samningur milli Verzlunarmannafélags Reykjavíkur (VR) og Verslunarmannafélags Akraness (VA) um víðtækt samstarf félaganna. Samningurinn gerir ráð fyrir að félögin tvö sameinist að loknum tveggja ára reynslutíma, sé fyrir því vilji hjá báðum aðilum.

**Samningurinn var lagður fyrir félagsfund í VA seint í nóvember þar sem hann var samþykktur af miklum meirihluta fundarmanna eða 30 á móti 2.**

Hann var síðan undirritaður af fulltrúum félaganna tveggja þann 9. desember á Akranesi.

## Sömu réttindi félagsmanna beggja félaga

Samningurinn tekur gildi frá og með 1. janúar 2002 og er markmið hans að efla þjónustu við félagsmenn beggja félaga. Félagsmenn í VA öðlast full réttindi miðað við reglur VR strax við gildistöku samningsins en þeir sem gerast aðilar að VA eftir að samningurinn tekur gildi ávinna sér rétt í samræmi við reglur VR um nýja félagsmenn. Iðgjöld félagsmanna VA renna þannig í félagssjóð, orlofssjóð og sjúkrasjóð VR og hafa þeir sömu réttindi til þeirra sjóða og félagsmenn VR. Afgreiðslutími skrifstofu VA á Akranesi verður óbreyttur.

## Erfiðara að fá fólk til starfa

„Á undanförnum árum höfum við reynt að ná til félagsmanna með ýmsu móti með það í huga að fá fleiri inn í starf félagsins. Það hefur ekki gengið sem skyldi og er nú svo komið að æ erfiðara er að fá fólk til starfa í þeim nefndum sem lög félagsins gera ráð fyrir að séu starfandi. Stjórnin ákvað því að reyna þessa leið, að fara í samstarf við VR,“ segir Júnía Þorkelsdóttir, formaður Verslunarmannafélags Akraness.

Júnía segir ákvörðunina hafa verið stóra en að ákvæði í samningnum um reynslutíma til tveggja ára hafi auðveldað félaginu að taka þetta skref. Einnig hafi komið í ljós í atkvæðagreiðslu um samninginn að mikill meirihluti var honum sammála.

## Samstarfið eykur þjónustu við félagsmenn

„Það er von stjórnarinnar að þetta samstarf skili sér fyrst og fremst í betri þjónustu félaganna. VR er stórt og öflugt félag með sérhæft starfsfólk á hverju sviði sem lítið félag hefur ekki getu til. Það er mjög framsækið, þar er öflugri sjúkrasjóður og unnið markvisst að bættri þjónustu. Við sjáum þetta samstarf aðeins geta aukið þá þjónustu sem fyrir er,“ segir Júnía.

„Síðastliðin ár höfum við leitað mikið til kjaramáladeildar VR og fengið frábæra þjónustu, sem er ómetanlegt fyrir starfsmann á skrifstofunni. Við horfum bjartsýn fram á veginn og teljum að þetta geti aðeins styrkt okkur og verið félagsmönnum okkar til góða.“



**Frá undirritun samnings VR og VA, Magnús L. Sveinsson, formaður VR, og Júnía Þorkelsdóttir, formaður VA.**

## Um Verslunarmannafélag Akraness

Verslunarmannafélag Akraness var stofnað árið 1957 í tengslum við stofnun Landssambands íslenzkra verzlunarmanna. Félagið opnaði skrifstofu í eigin húsnæði að Kirkjubraut 40 hinn 8. janúar 1986 og er skrifstofan þar enn til húsa.

Félagsmenn VA eru tæplega 200 talsins og nær félagssvæðið yfir Akraneskaupstað og hreppana sunnan Skarðsheiðar, Leirár- og Melasveit, Skilmannahrepp, Akraneshrepp og Hvalfjarðarstrandarhrepp.

# HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?



*Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi.*
*Þess vegna áttu rétt á að fá örugga leiðsögn og fyrsta flokks þjónustu þegar tryggingamál þín eru annars vegar.*
*Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.*

TM

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF

-þegar mest á reynir!

**Aðalstræti 6 - 8 • 101 Reykjavík • Sími 515 2000 • www.tmhf.is**

YDDA/SÍA

# Fjarvinna

Vinnumarkaðurinn hefur breyst mikið á síðustu árum og áratugum. Störfin hafa breyst, m.a. vegna hraðrar þróunar í tækniheiminum, og vinnutíminn hefur breyst og orðið sveigjanlegri. Þetta hefur gert starfsfólki fyrirtækja kleift að stunda vinnu sína utan vinnustaðar í auknum mæli.

Framkvæmd þessarar fjarvinnu hefur verið með ýmsu sniði, allt eftir því hvað hentar þörfum viðkomandi fyrirtækis og starfsmanni þeim sem þess óskar.

## Hvað er fjarvinna?

Samninganefnd um fjarvinnu á vegum ETUC, Evrópusamtaka verkalýðsfélaga, hefur hafið störf og er henni ætlað að vinna að rammasamningi sem sé bindandi milli aðila vinnumarkaðarins í Evrópu. Jean Lapeyre, aðstoðarframkvæmdastjóri ETUC, er í forsæti nefndarinnar og Magnús M. Norðdahl situr í nefndinni fyrir Íslands hönd. Nefndin hefur sent samninganefnd atvinnurekenda tillögu að skilgreiningum og samningssviði. Tillaga nefndarinnar að skilgreiningu á fjarvinnu er eftirfarandi:

> *„Fjarvinna er öll vinna sem er framkvæmd utan stofnunar eða skrifstofu og sem stjórnað er frá þeirri stofnun eða skrifstofu jafnframt því að nota upplýsingatækni til þess að taka við eða afhenda þá vinnu.“*

Nefndin leggur til að samkomulag þetta taki til allra fjarvinnustarfsmanna sem hafa ráðningarsamning eða eru í ráðningarsambandi. Nefndin leggur áherslu á að starfskjör fjarvinnusambanda byggi á meginreglunni um bann við mismunun, þ.e. að fjarvinnustarfsmenn skulu meðhöndlaðir með sama hætti og sambærilegir starfsmenn fyrirtækis eða stofnunar sem þeir hafa gert ráðningarsamning við. Nefndin leggur áherslu á að fjarvinna sé ráðningarsamband og það að fyrirtæki eða stofnanir hefji fjarvinnusamninga við starfsmenn megi ekki nota til að breyta réttarstöðu þeirra sem launamanna.

## Reynslan – kostir og gallar

Á ráðstefnu verslunarmannafélaganna á Norðurlöndunum í Stokkhólmi í mars sl., þar sem m.a. var fjallað um símatorg, var lítillega rætt um fjarvinnu þar sem tæknin gerir það í raun kleift að færa vinnustöð starfsmanna símatorga inn á heimili þeirra. Sænskir, norskir og danskir þátttakendur á ráðstefnunni sögðu frá því að sú mikla umræða sem var um ágæti fjarvinnu hafi farið dvínandi meðal þeirra félagsmanna. Ástæður þess megi e.t.v. rekja til þeirrar félagslegu einangrunar sem fólk upplifi með því að færa vinnuna heim. Manneskjan er jú félagsvera og stór þáttur vinnuumhverfisins er félagslegur þar sem menn taka þátt í umræðu um starfið og lífsins gagn og nauðsynjar. Því sé tilhneiging í þá átt að menn kjósi að snúa aftur til vinnustaðar síns sem starfstöðvar númer eitt og kröfur fara minnkandi um þetta fyrirkomulag á vinnusambandi milli aðila. Loks hafi menn átt erfitt með að greina á milli vinnu og heimilis.



Mynd: Erling

Það er hins vegar ýmislegt gott um þetta fyrirkomulag að segja og kostum þess má ekki gleyma. Það getur hentað sumum starfsmönnum mjög vel og leyst ýmis vandamál á heimilum fjölskyldufólks. Ennfremur er valkosturinn um fjarvinnu og þann sveigjanleika sem hún getur haft í för með sér í anda áherslu stéttarfélaga á aukin lífsgæði til handa félagsmönnum sínum.

*Sigrún Viktorsdóttir*

# Víti til varnaðar

## – hvað ber að hafa í huga við fjarvinnu?

Nýjungum, eins og fjarvinnu, fylgja alltaf ný vandamál sem kalla á fyrirbyggjandi aðgerðir, minnug þess að betra er að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í. Til VR leitaði félagsmaður og óskaði aðstoðar við innheimtu launa. Hann hafði hafið störf hjá fyrirtæki hér í borg fyrir nokkrum mánuðum og var nú svo komið að fyrirtækið skuldaði honum 2ja mánaða laun.

Samkomulag hafði verið milli félagsmannsins og vinnuveitanda hans um að félagsmaðurinn gæti starfað heima, ef það hentaði honum, m.a. vegna búsetu hans í öðru bæjarfélagi. Þegar fulltrúi kjaramáladeildar VR hafði samband við vinnuveitanda félagsmannsins fengust þau svör að hann hefði ekki uppfyllt starfsskyldur sínar við fyrirtækið og því ætti hann ekki rétt á umræddum launagreiðslum. Í ljós kom að ágreiningur var á milli aðila um með hvaða hætti vinna félagsmannsins utan vinnustaðar færi fram og að hve miklu leiti hann hefði heimild til fjarvinnunnar. Skriflegur ráðningarsamningur um vinnutilhögunina hafði ekki verið gerður milli aðila.

## Skriflegur samningur

Þetta dæmi sýnir vel hversu mikilvægt er að vanda til verka þegar um fjarvinnu er að ræða. Þegar starfsmaður og atvinnurekandi hafa komið sér saman um að starfsmaðurinn geti sinnt vinnuskyldu sinni að hluta eða öllu leyti fjarri vinnustaðnum er nauðsynlegt að gera um það skriflegan samning. Samningurinn getur verið tímabundinn en sé svo ekki, gilda um hann almenn uppsagnarákvæði kjarasamninga. Sé skriflegur samningur ekki til staðar um þessa vinnutilhögun, og um það yrði deilt, myndi sönnunarbyrðin falla á starfsmanninn þar sem meginreglan á vinnumarkaðinum er sú að starfsmaður hefur mætingarskyldu á vinnustað þeim er hann ræður sig til.

Í samningi aðila þarf að koma fram hver vinnuskylda starfsmannsins er, hvernig vinnuframlag er metið, t.d. með skilum á vinnuskýrslum eða skráningu í tímaskráningarkerfi, og hvernig greiðslu fyrir yfirvinnu er háttað. Þá er brýnt að skýrt komi fram að vinnuveitandi beri kostnað af tækjum og rekstri þeirra, s.s. síma og tölvutengingu. Ýmislegt fleira mætti tína til, s.s. hver viðveruskylda starfsmannsins er og hvort honum sé skylt að sækja fundi með sama hætti og öðrum starfsmönnum.



Mjög mikilvægt er að öllum þessum atriðum sé haldið til haga, þó menn kunni að telja þetta óþarfa í upphafi vinnusambands. Ágreiningsefnin geta verið margvísleg, eins og dæmin sanna, og því er nauðsynlegt að hafa skriflegan samning.

## Launþegasamband

Í ljósi þessa er mikilvægt að gæta þess að sá sem stundar fjarvinnu samkvæmt samkomulagi við vinnuveitanda njóti allra sömu réttinda og aðrir starfsmenn fyrirtækisins. Vinnusamband aðila er sem fyrr launþegasamband þrátt fyrir fjarveru starfsmannsins á vinnustað sem tilkomin er vegna flutnings á starfsstöð hans.

*Guðmundur B. Ólafsson og Sigrún Viktorsdóttir*

## Mundu eftir…

Mikilvægt er að samningur um fjarvinnu sé skriflegur launþegasamningur. Þar þarf að koma fram…

- ✔ hver vinnuskyldan er,
- ✔ hvernig vinnuframlag er metið,
- ✔ hvernig launagreiðslum fyrir yfirvinnu er háttað,
- ✔ að vinnuveitandi greiði kostnað og rekstrarkostnað tækjabúnaðar,
- ✔ hver viðveru- eða mætingaskylda starfsmannsins er í fyrirtækinu.

# KARLAR MUNIÐ:
# LENGRA FÆÐINGARORLOF

Reynslan af nýju fæðingarorlofslögunum, sem tóku gildi um síðustu áramót, hefur verið afar góð, einkum er varðar þátttöku feðra. Á fyrstu níu mánuðunum nýttu á milli 80% og 90% karla sinn rétt til fæðingarorlofs í mánuð. Það er mun meiri þátttaka en búist var við, að því er fram kom á nýlegri ráðstefnu Jafnréttisstofu.

Markmið laganna er að tryggja barninu samvistir bæði við föður og móður og gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þau kveða m.a. á um að feður fái sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði en þessi réttur kemur til framkvæmda í áföngum. Um síðustu áramót fengu feður rétt til eins mánaðar fæðingarorlofs og frá 1. janúar 2002 hafa þeir rétt til tveggja mánaða fæðingarorlofs. Síðasti mánuðurinn kemur svo þann 1. janúar 2003. Við minnum verðandi feður á þennan rétt og hvetjum þá til að nýta sér hann.






# Hækkun launa 1. janúar 2002

Þann 1. janúar 2002 hækka laun samkvæmt samningi VR og Samtaka atvinnulífsins um 3%. Hér eru birtar töflur yfir lágmarkslaun afgreiðslufólks og deildarstjóra í verslunum og skrifstofufólks frá og með 1. janúar samkvæmt aðalkjarasamningi aðila. Athugið að um áramótin verða einnig breytingar á lágmarkslaunum samkvæmt sérkjarasamningum starfsfólks í lyfjavöruverslunum, söluturnum, gestamóttöku, kvikmyndahúsum, hjá Flugleiðum, Baugi, Kaupási og Samkaupum. Sjá nánar aðalkjarasamning og sérkjarasamninga á heimasíðu VR, www.vr.is

**Gildir frá 1. janúar 2002**

**Afgreiðslufólk í verslunum**

| | Mán.laun | Dagvinna | Yfirvinna |
|---|---|---|---|
| 16 ára ungmenni | 75.594 | 444,67 | 785,04 |
| 17 ára ungmenni | 79.793 | 469,37 | 828,65 |
| Byrjunarlaun 18 ára | 83.993 | 494,08 | 872,27 |
| Eftir 1 ár í starfsgrein | 88.192 | 518,78 | 915,87 |
| Eftir 3 ár í starfsgrein | 89.205 | 524,74 | 926,39 |
| Eftir 5 ár í starfsgrein | 90.460 | 532,12 | 939,43 |
| Eftir 7 ár í sama fyrirtæki | 91.348 | 537,34 | 948,65 |

**Deildarstjórar í verslunum**

| | Mán.laun | Dagvinna | Yfirvinna |
|---|---|---|---|
| Byrjunarlaun | 92.875 | 546,32 | 964,51 |
| Eftir 1 ár í starfsgrein | 93.895 | 552,32 | 975,10 |
| Eftir 3 ár í starfsgrein | 94.899 | 558,23 | 985,53 |
| Eftir 5 ár í sama fyrirtæki | 95.859 | 563,88 | 995,50 |

**Skrifstofufólk**

| | Mán.laun | Dagvinna | Yfirvinna |
|---|---|---|---|
| Byrjunarlaun | 95.635 | 597,72 | 993,17 |
| Eftir 1 ár í starfsgrein | 98.255 | 614,09 | 1.020,38 |
| Eftir 3 ár í starfsgrein | 99.985 | 624,91 | 1.038,34 |
| Eftir 5 ár í sama fyrirtæki | 101.516 | 634,48 | 1.054,24 |

# Sumir bjóða einfaldlega

# meira úrval...




**HAGKAUP**

Meira úrval - betri kaup

www.hagkaup.is

# MINNISBLAÐ VERSLUNARMANNA UM JÓLIN

Einn fylgifiskur jólanna er jólaverslunin. Þetta er mesti annatími ársins í verslun og álag á starfsmenn nær hámarki síðustu dagana fyrir jól. Við gerð kjarasamninga hefur VR leitast við að ná samkomulagi um ákvæði sem sérstaklega eru ætluð til að umbuna starfsfólki fyrir vinnuframlag þeirra á þessu tímabili og tryggja lágmarkshvíld á álagstímum.

**Það er því við hæfi í þessari jólaútgáfu VR-blaðsins að fara yfir þessi ákvæði ásamt almennum atriðum sem varða vinnutíma starfsmanna.**

## • Skráning vinnutíma

Í jólamánuðinum er góð vinnuregla að skrá niður vinnutíma sinn. Í mörgum tilvikum er um talsverða aukavinnu að ræða og mikilvægt að halda vel utan um tímaskráningu svo komast megi hjá misskilningi og mistökum við útreikning launa.

Þar sem flestar verslanir ráða tímabundið til sín skólafólk yfir háannatímann er einnig mikilvægt að hnykkja á þessu atriði við nýtt samstarfsfólk.

## • Daglegur hvíldartími

Á hverjum sólarhring, reiknað frá upphafi vinnudags, á starfsmaður rétt á 11 klst. hvíld. Óheimilt er samkvæmt lögum að skipuleggja vinnu á þann hátt að vinnudagurinn sé lengri en 13 klst. Vinnuveitandi skal jafnframt leitast við að láta þessa daglegu hvíld ná til tímabilsins á milli kl. 23:00 og 06:00.

## • Frávik og frítökuréttur

Við sérstakar aðstæður, þegar bjarga þarf verðmætum, má lengja daglega vinnulotu í 16 klst. Ef vinnulotan er lengd í 16 klst. skal undantekningalaust veita 11 klst. hvíld beint á eftir, án skerðingar á rétti til fastra daglauna.

Ef sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma er heimilt að fresta hvíldinni og veita hana síðar. Þannig safnast svokallaður **frítökuréttur** upp. Fyrir hverja klst. sem 11 tíma hvíldin skerðist um öðlast starfsmaður 1,5 klst. í dagvinnu í frítökurétt. Uppsafnaður frítökuréttur skal koma fram á launaseðli og skal taka hann í hálfum eða heilum dögum í samráði við vinnuveitanda. Ef starfsmaður óskar er heimilt að greiða ½ klst. (dagvinnu) af frítökuréttinum.

**Dæmi**: Starfsmaður hefur störf kl. 08:00 Hann lýkur störfum kl. 23:00 og kemur aftur til vinnu kl. 08:00 daginn eftir. Samfelld hvíld hans á milli vinnudaga er einungis 9 klst. Hvíldartími hans hefur þ.a.l. verið skertur um 2 klst. og öðlast viðkomandi starfsmaður því frítökurétt uppá 3 klst. fyrir vikið.

Undir öllum kringumstæðum er þó óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld. Ef starfsmaður vinnur það lengi á undan helgi eða frídegi að ekki náist 11 klst. hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags skal fara með það á sama hátt.

Ef starfsmaður vinnur á frídegi eða um helgi skal greiða yfirvinnukaup fyrir þann vinnutíma án þess að frekari aukagreiðslur komi til.

Hafa ber í huga að þessi ákvæði eiga ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartímann í allt að 8 klst.

Við starfslok skal uppsafnaður frítökuréttur starfsmanns gerður upp.



Mynd: Pálmi Guðmundsson

## • Vikulegur frídagur

Á hverju 7 daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

## • Frestun á vikulegum frídegi

Ef því verður við komið skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi. Ef sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt að fresta vikulegum frídegi er fyrirtæki heimilt að gera slíkt með sérstökum samningi við starfsmenn sína og VR. Með slíkum samningi má t.d. veita frí á laugardegi og sunnudegi aðra hvora helgi. Ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi og starfsmaður er látinn vinna 7 daga í röð á hann rétt á fríi á virkum degi í næstu viku á eftir, án skerðingar launa.



## • Frídagar vegna vinnu í desember

Fastráðið afgreiðslufólk og lagermenn þeirra verslana sem hafa lengdan opnunartíma í desember, svo sem á laugardögum eftir kl. 16:00, á sunnudögum og á Þorláksmessukvöldi, og sem vinnur a.m.k. 50% starf á rétt á tveimur launuðum frídögum í janúar næstum á eftir. Einnig má veita þessa frídaga á milli jóla og nýárs skv. bókun samningsaðila frá 1. maí 1989.

Óski starfsmaður þess á hann rétt á 10% launauppbót miðað við eigin dagvinnulaun í desember í stað tveggja frídaga.

## • Matar- og kaffitímar

VR semur við tvenn samtök vinnuveitenda, annars vegar Samtök atvinnulífsins og hins vegar Samtök verslunarinnar, SV – FÍS. Stærstur hluti félagsmanna VR starfar samkvæmt samningi VR og Samtaka atvinnulífsins. Ákvæði um matar- og kaffitíma eru ekki samhljóða í þessum samningum. Hér er gerð grein fyrir ákvæðum um neysluhlé í hvorum samningi fyrir sig.

### Samningur VR og Samtaka atvinnulífsins

**Hádegismatartími** í verslunum er á bilinu ½ – 1 klst. (háð samkomulagi). Þessi matartími telst ekki til vinnutíma. Hafa ber í huga að starfsfólk þarf að vinna í 5 klst. til að öðlast rétt til matartíma í hádeginu.

**Kvöldmatartími** telst á hinn bóginn til vinnutíma og er því greiddur. Kvöldmatartíma skal veita á milli kl. 19:00 og 20:00. Ef kvöldmatartíminn eða hluti hans er unninn skal greiða þann hluta með tvöföldu kaupi. Vinni starfsmaður lengur en 4,5 klst. eftir kl. 16:00 á hann rétt á óskertu 1 klst. kvöldmatarhléi.

**Kaffitími** hjá afgreiðslufólki er 35 mínútur á dag miðað við fullan vinnudag og er í beinu hlutfalli við vinnutíma starfsfólks í hlutastörfum. Dæmi: Starfsmaður sem vinnur 4 tíma á dag á rétt á u.þ.b. 17,5 mínútum í kaffi.

Ef unnið er lengur en til kl. 22:00 skal veita annan 20 mínútna kaffitíma á tímabilinu kl. 22:00 - 22:20. Á Þorláksmessu er þó heimilt að veita 20 mínútna kaffitímann á bilinu kl. 21:40 - 22:20.

### Samningur VR og Samtaka verslunarinnar - FÍS

Starfsmenn eiga rétt á vinnuhléi sem nemur a.m.k. ½ klst. á dag, nema um annað sé samið. Daglegur tími sem fer í vinnuhlé má ekki fara fram úr einni klst. nema vinnudagur fari fram yfir 8 klst. á dag. Þá má vinnuhlé fara í 1½ klst. á dag.

**Kvöldmatartími** telst til vinnutíma og er því greiddur. Kvöldmatartíma skal veita á milli kl.19:00 og 20:00. Sé matartíminn unninn eða hluti af honum greiðist til viðbótar og með sama kaupi 1 klst. og skal það einnig gert þótt skemur sé unnið. Vinni starfsmaður lengur en 4,5 klst. eftir kl. 16:00 á hann rétt á óskertu 1 klst. kvöldmatarhléi.

Ef unnið er lengur en til kl. 22:00 skal veita 20 mínútna kaffitíma á tímabilinu kl. 22:00 - 22:20. Á Þorláksmessu er þó heimilt að veita 20 mínútna kaffitímann á bilinu kl. 21:40 – 22:20.

## • Helgarvinna

Þegar unnið er á laugardögum og sunnudögum greiðist aldrei minna en fyrir 4 klst., þótt unnið sé skemur.

Í kjarasamningi VR og SV – FÍS kveður á um að greiða skuli ávallt 1 klst. lengur en unnið er á laugardögum og sunnudögum.

## • Vinna barna og unglinga

Vinnutími unglinga 15 til 18 ára má ekki fara yfir 8 klst. á dag og 40 klst. á viku. Unglingar mega ekki vinna frá kl. 22:00 – 06:00 nema annað sé sérstaklega tekið fram. Undanþágur frá þessu eru fyrir hendi sbr. vinnu í kvikmyndahúsum, leikhúsum og í söluturnum svo nokkur dæmi séu tekin. Unglingar mega þó aldrei vinna á milli kl. 24:00 og 04:00.

Vinnutími barna 13-15 ára, eða þeirra sem eru í skyldunámi, má vera 2 klst. á dag eða 12 klst. á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla. Utan starfstíma skóla má vinnutími 13-14 ára barna vera 7 klst. á dag eða 35 klst á viku. Fimmtán ára börn mega hins vegar vinna jafn lengi og unglingar. Börn mega ekki vinna á tímabilinu kl. 20:00-06:00.

## • Desemberuppbót

Að lokum er rétt að minna á að desemberuppbót til félagsmanna VR skal greiðast ekki síðar en 15. desember. Í síðasta VR-blaði var farið ítarlega yfir þessi mál en jafnframt er hægt að leita upplýsinga um þau á heimasíðu VR, www.vr.is, eða hjá starfsfólki kjaramáladeildar VR.

Þetta eru helstu atriði sem hafa ber í huga í annríki jólamánaðarins. Ef upp kemur ágreiningur um eitthvert ofantalinna atriða eru starfsmenn kjaramáladeildar ávallt reiðubúnir að aðstoða, síminn er 510-1700.

*Með jólakveðju,*
*kjaramáladeild VR*




# Taktu stóru sneiðina til þín ...

## ... það margborgar sig.

| Séreignariðgjald af launum | 2% | 4% |
|---|---|---|
| Sparnaður af 150.000 kr. mánaðarlaunum | 3.000 | 6.000 |
| Skattar lækka | 1.163 | 2.326 |
| Raunverulegt framlag | 1.837 | 3.674 |
| Mótframlag atvinnurekanda frá 1. janúar 2002 | 3.000 | 3.000 |
| Mótframlag ríkisins | 300 | 600 |
| Mótframlag samtals | 3.300 | 3.600 |
| Inneign í séreignarsjóði | 6.300 | 6.900 |

**Getur ekki verið einfaldara, en um leið þrefaldar þú framlag þitt!**

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is

NONNI OG MANNI • NM04874 / sia.is

# Í orlofshús á Spáni



VR hefur tekið á leigu orlofshús á Spáni fyrir félagsmenn sína, eins og greint var frá í síðasta tölublaði VR blaðsins. Um er að ræða fimm raðhús og íbúðir í orlofshúsabyggðum í nágrenni bæjarins Torrevieja á Costa Blanca eða Hvítu ströndinni sem Íslendingum er vel kunnug (sjá nánar kort). Torrevieja er tæplega 50 kílómetra suður af borginni Alicante en þangað er yfirleitt flogið vikulega á sumrin frá Íslandi.






**Hér á síðunni er að finna upplýsingar um orlofshúsin og svæðið sjálft. Þegar VR blaðið fór í prentun lágu því miður ekki fyrir allar upplýsingar um hvenær flug frá Íslandi til Alicante hefst í vor né á hvaða dögum verður flogið. Því er ekki hægt að fastetja leigutímabilin fyrr en eftir áramót. Umsóknarfrestur um húsin er því frá byrjun janúar 2002 til janúarloka. Að öllu óbreyttu verður hægt að nálgast umsóknareyðublöð og nákvæmar upplýsingar um hvenær húsin eru til leigu á skrifstofu VR, á fyrstu hæð í Húsi verslunarinnar í Kringlunni 7, eða á heimasíðu VR, www.vr.is, frá og með þeim tíma. Á heimasíðunni frá og með janúarbyrjun verða einnig birtar myndir af húsunum og nágrenni þeirra sem og ítarlegri upplýsingar.**

## Leiguverð

Húsin eru til leigu frá byrjun maí fram í október. Þau verða leigð í hálfan mánuð í senn og er leiguverð kr. 52.000. Sömu reglur gilda um úthlutun orlofshúsa á Spáni og um úthlutun orlofshúsa innanlands yfir sumartímann. Fyrir hverja úthlutun verða 60 stig dregin af punktaeign viðkomandi félagsmanns. Ef umsókn um orlofshús berst ekki um tiltekið tímabil og enginn umsækjandi óskar að nýta sér það verður húsinu úthlutað til þess sem fyrstur óskar eftir að fá það leigt, þó umsókn hafi ekki borist fyrir aðalúthlutun. Sjá nánar útdrátt úr úthlutunarreglum orlofshúsa VR á næstu síðu en reglurnar eru birtar í heild sinni á heimasíðu VR.

HUSK

**Husk** er 100% náttúrulegt „þarmastillandi" efni, sem samanstendur af hreinni, hreinsaðri fræskurn af indversku lækningajurtinni Plantago Psyllium.

**Husk** er án sykurs eða bragðefna og bætir starfsemi þarmanna á vægan hátt.

**Husk** fæst í apótekum um allt land!



*Við öll tækifæri*

ora

VÖRUR

GEVALIA

*– það er kaffið! – Sími 575-5500*

www.kaffi.is

# Úr úthlutunarreglum orlofshúsa VR

Hér eru birtar þær upplýsingar í úthlutunarreglum VR sem eiga við úthlutun á orlofshúsum félagsins á Spáni sumarið 2002. Úthlutunarreglurnar eru birtar í heild sinni á heimasíðu VR, www.vr.is

- Fullgildir félagsmenn njóta forgangs við úthlutun orlofshúsa VR, en þó er heimilt að gera undantekningu varðandi öryrkja.
- Þeir sem sótt hafa um hús en fá ekki úthlutað, fara á biðlista, sem úthlutað er eftir, ef einhver fellur út.
- Ef umsókn berst ekki um tiltekna viku og enginn umsækjandi óskar að nýta sér það, innan þriggja vikna frá aðalúthlutun, verður húsinu úthlutað til þess sem fyrstur óskar eftir að fá það leigt, þó umsókn hafi ekki borist fyrir aðalúthlutun.
- Ef umsækjandi, sem greitt hefur leigugjald, óskar að hætta við leigu, fær hann endurgreitt, ef húsið leigist öðrum.
- Réttur til úthlutunar á orlofshúsi byggist á félagsaldri í VR að frádregnum fyrri úthlutunum orlofshúsa samkvæmt stigafjölda samanber 9. og 10. lið. Stigafjöldi umsækjenda ræður úthlutun. Séu tveir eða fleiri umsækjendur jafnir að stigum, skal tölva ráða hver fær úthlutað.
- Stig eru reiknuð þannig að hver félagi fær 1 stig fyrir hvern mánuð sem hann greiðir félagsgjald enda sé hann orðinn fullgildur félagsmaður, það eru þeir, sem greitt hafa lágmarksfélagsgjald viðkomandi árs.
- Þegar sótt er um orlofshús er hægt að merkja við aðalval og varaval. Úthlutað er eftir stigafjölda umsækjenda. Fái umsækjandi ekki ósk sína uppfyllta skv. aðalvali, þá er varaval hans skoðað og eigi hann rétt samkvæmt því, fær hann úthlutun







# Torrevieja



Orlofshús VR á Spáni eru í nágrenni Torrevieja sem er líflegur og skemmtilegur ferðamannabær við Miðjarðarhafsströnd Spánar. Meðalhiti í Torrevieja er 22–24°C og skín sólin meira en 300 daga ársins.

Um 100 þúsund manns búa í bænum að jafnaði en sú tala margfaldast yfir sumartímann. Bærinn státar af fjölbreyttu mannlífi og skemmtilegri afþreyingu. Miðbærinn er á hafnarsvæðinu og er þar fjöldi veitingastaða, verslana og skemmtistaða. Í Torrevieja er útimarkaður sem setur svip sinn á bæinn, tvívolí fyrir börnin og stutt er á golfvelli í nágrenninu.

Í öllum orlofshúsum og –íbúðum VR á Spáni er borðbúnaður og rúmfatnaður fyrir 4–6. Húsin eru vel búin húsgögnum og algengustu heimilistækjum og flest eru þau með loftkælingu og þvottavél.

## La Rosa

VR hefur eina íbúð til leigu í raðhúshverfinu La Rosa. Íbúðin er á jarðhæð með tveimur veröndum. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofa. Í öðru svefnherberginu er hjónarúm en í hinu eru tvö aðskilin rúm.

Sundlaug er í sameiginlegum garði hverfisins, skammt frá íbúðinni. Stutt er í verslanir, veitingastaði og vatnsrennibrautargarð. Íbúðin er í göngufæri frá miðbæ Torrevieja.

## Las Mimosas

Í hverfinu Las Mimosas hefur VR til leigu tveggja hæða raðhús með aðstöðu fyrir 4-5 manns. Í húsinu eru tvö svefnherbergi og baðherbergi á efri hæðinni en stofa, eldhús og þvottahús á þeirri neðri. Í öðru svefnherberginu er hjónarúm en tvö aðskilin rúm í hinu. Stór verönd er við húsið. Í garðinum er sameiginleg sundlaug fyrir íbúa hverfisins. Í hverfinu eru veitingastaðir og lítil matvöruverslun. Til Torrevieja eru um 6 kílómetrar.

## Playa Flamenca

Í Playa Flamenca hefur VR til leigu raðhús. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, stofa, baðherbergi og eldhús. Í svefnherbergjunum geta sofið 4 en í húsinu eru aukadýnur þannig að svefnaðstaða er fyrir allt að 6 manns.

Sundlaug er við húsið en á ströndina er um 1,5 km.

Verslanir eru í um kílómetra fjarlægð.

## Villa Martin

Í Villa Martin stendur félagsmönnum til boða raðhús með tveimur svefnherbergjum, baði, eldhúsi og stofu. Í öðru svefnherberginu er hjónarúm en tvö aðskilin rúm í hinu. Þá fylgja aukadýnur þannig að svefnaðstaða er fyrir allt að 6 manns. Í húsinu er ekki loftkæling en viftur eru í lofti. Sundlaug er í hverfinu en á ströndina er um 10 mín. akstur. Lítil matvöruverslun er einnig í hverfinu. Stór golfvöllur er í nágrenninu.

## Los Altos

VR hefur til umráða eina íbúð í raðhúsi í hverfinu Los Altos. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, stofa með eldhúskrók og eldunaraðstaða. Í íbúðinni eru aukadýnur þannig að svefnaðstaða er fyrir allt að 6 manns. Þá eru í íbúðinni bæði loftkæling og vifta.

Raðhúsin umlykja fallegan garð þar sem er sundlaug fyrir íbúa hverfisins. Stutt er á ströndina og til Torreviejo er innan við 10 mínútna keyrsla.


METRO
Skeifan 7 · Sími 525 0800



Jólabónus

Metró býður félagsmönnum VR 10 % afslátt af öllum vörum í verslun okkar í desember gegn framvísun afrifu. Við bjóðum m.a. eftirfarandi vörur:

GROHE blöndunartæki
SAMSONITE ferðatöskur
Heitir pottar fyrir rafmagn
Heitir pottar fyrir hitaveitu
Hreinlætistæki af ýmsum gerðum
Baðkör, sturtuklefar og botnar
Pípulagningarefni

Teppi fyrir stigaganga
Verkfæri fyrir öll tækifæri
Málning og málningarvörur
Rósettur og skrautlistar
Jólavörur
Ýmsar smávörur fyrir heimilið

Jólabónus METRO
10 % afsláttur gegn framvísun afrifu



Eiríkur Þóroddsson og Kristján Egill Halldórsson.




Ólafur Friðsteinsson.






Egill Jóhannsson.



Jóhann Jóhannsson og Rúnar F. Sigurðsson.

# Á VINNUSTAÐ

Að þessu sinni liggur leið okkar í fyrirtækið Brimborg en starfsemi þess má rekja aftur til ársins 1964 þegar tveir félagar stofnuðu þjónustuverkstæðið Ventil fyrir bíla. Fimm árum síðar voru nýir hluthafar komnir að rekstrinum og fyrirtækið hóf rekstur varahlutaverslunar. Um miðjan áttunda áratuginn var Brimborg stofnað til að sjá um innflutning og sölu á Daihatsu bílum. Árið 1988 tekur fyrirtækið við umboði Volvo bifreiða og árið 1995 bætast Ford og Citroen umboðin við. Í dag rekur fyrirtækið að auki verkstæðis- og varahlutaþjónustu og margt fleira. Árið 1999 flutti Brimborg starfsemi sína í nýjar höfuðstöðvar á Bíldshöfða 6 en húsakynnin þar eru sérhönnuð fyrir rekstur fyrirtækisins. Hjá Brimborg starfa 80 manns, um helmingur er í VR.



Lovísa Jónsdóttir.



Stígur Steingrímsson.



Guðmundur Rúnar Matthíasson.



Magnús Helgi Magnússon og Bjarni Tryggvason.




Helga Sigurðardóttir og Rósa Björk Svavarsdóttir.





Að ofan: Sigurður Rafn Borgþórsson.
Til vinstri: Uppi: Sigurður Rafn Borgþórsson og Guðmundur Rúnar Matthíasson. Í stiga: Ragnar Þór Reynisson (ofar) og Jóhann Axelsson. Fremri röð frá vinstri: Björn Valur Ólason, Tómas Þröstur Rögnvaldsson, Guðmundur Sigurðsson, Gísli Sævar Birgisson, Hrafnkell Gunnarsson og Gunnar Axel Hermannsson.



Efri röð frá vinstri: Sigurlaug Egilsdóttir, Rúnar F. Sigurðsson, Ingvar Bender, Þórður Jónsson, Egill Bjarnason, Kristján Sveinsson, Þorkell Guðjónsson. Sitjandi frá vinstri: Guðfinnur Helgi Þorkelsson, Margrét Rut Jóhannsdóttir, Svana R. Róbertsdóttir og Jón Dahlmann.






Að ofan: Lovísa Jónsdóttir, Ólafur Friðsteinsson, Valmundur Steinar Gíslason, Gísli Jón Bjarnason og Ágúst Hallvarðsson (fyrir framan)
Til hægri: Gunnar Axel Hermannsson.



# JÓLA-KYRRÐ

Á þessum árstíma er mikill asi á fólki og mikið að gera. Það ríkir hins vegar kyrrð yfir miðbæ Reykjavíkur á þessum fallegu myndum sem Erling Aðalsteinsson ljósmyndari tók.




**TILBOÐ Á EGLA BRÉFABINDUM - VERÐ 229 KR/STK.**

**Tilboðið gildir frá 15. desember 2001 til 31. janúar 2002**



BIC Atlantis penni
á 91 kr/stk

Múlalundur



NOVUS MASTER
Gatar 25 blöð.
Verð 382 kr



ALLA DAGA VIÐ HENDINA

**Vinnustofa SÍBS • Hátúni 10c • Sími: 562 8500 • Fax: 552 8819 • Heimasíða www.mulalundur.is**

*Hin eina sanna*
*Jólasíld*




Ef þú
hefur smakkað
Jólasíldina
frá Íslenskum matvælum
veistu að jólin eru
ekki langt undan.
*Þú kemst í*
*sannkallað jólaskap!*

ÍSLENSK MATVÆLI

GOTT FÓLK MCCANN-ERICKSON · SÍA · 12955

*Við öll tækifæri*

ora

VÖRUR

# Skattaafsláttur

## - berðu saman sambærilega sjóði

| | 1 ÁR | 2 ÁR | 3 ÁR | 4 ÁR | 5 ÁR |
|---|---|---|---|---|---|
| Hlutabréfasjóður Búnaðarbankans (NR.1) | -13,7% | -1,2% | 7,0% | 6,6% | 7,4% |
| Fjárfestingafélagið Straumur | -16,9% | -8,8% | -0,4% | 1,2% | 2,5% |
| Auðlind | -21,7% | -8,1% | 1,1% | 1,1% | 3,4% |
| Hlutabréfasjóður Íslands | -16,7% | -8,8% | 0,8% | 0,2% | 1,8% |
| Íslenski hlutabréfasjóðurinn | -31,3% | -16,8% | -4,8% | -3,2% | -1,3% |
| Heildarvísitala Aðallista | -12,1% | -9,0% | 3,4% | 2,9% | 4,8% |

Miðað er við ávöxtun á ársgrundvelli 30.11.2001. Athugið að ávöxtun liðins tíma endurspeglar ekki endilega framtíðarávöxtun.

Samkvæmt vefsíðu Lánstrausts sem er óháður aðili www.sjodir.is

## Hlutabréfasjóður Búnaðarbankans hf.

**Besti árangur sambærilegra sjóða hvort sem litið er á síðastliðin 1, 2, 3, 4 eða 5 ár, eða allt frá stofnun sjóðsins.**

Þeir sem fjárfestu í Hlutabréfasjóði Búnaðarbankans hf. fyrir 5 árum hafa ávaxtað fé sitt um 43% sem jafngildir 7,4% ávöxtun á ári, auk þess sem þeir fengu væna endurgreiðslu frá skattinum. Tryggðu þér skattaafslátt í ágúst árið 2002 með fjárfestingu í Hlutabréfasjóði Búnaðarbankans hf. fyrir áramót.

- Einstaklingur sem fjárfestir fyrir 133.333 kr. fær 31.008 kr.* endurgreiðslu frá skattinum
- Hjón sem fjárfesta fyrir 266.666 kr. fá 62.016 kr.* endurgreiðslu frá skattinum
- Fjölmennasti hlutabréfasjóður landsins
- Kjörin leið til áhættudreifingar
- Hægt að ganga frá kaupum með einu símtali í síma 525 6060 eða í útibúum Búnaðarbankans
- Hægt að ganga frá kaupum á Netinu www.bi.is
- Allt að 100% lán með sjálfvirkri skuldfærslu
- Beingreiðslur
- Boðgreiðslur Visa og Euro

*Miðað við staðgreiðslu árið 2001

BÚNAÐARBANKINN
**VERÐBRÉF**

Hafnarstræti 5 • sími 525 6060 • fax 525 6939 • www.bi.is • verdbref@bi.is

fíton/sía F13632

www.lyfja.is
Opið alla daga vikunnar
8–24

í Lyfju Lágmúla
og Lyfju Smáratorgi
LYFJA
– lyf á lágmarksverði

# NÝ KÖNNUN GALLUP

# Viðhorf fólks í atvinnuleit

Samkvæmt nýlegri könnun Gallup á viðhorfum og væntingum fólks í atvinnuleit leita flestir að lausum störfum á netinu og í dagblöðum. Helsta ástæða þess að fólk segir upp störfum sjálfviljugt er að það vill prófa eitthvað nýtt.

**Könnunin var gerð í september síðastliðnum og var í formi netkönnunar, þ.e. hún var sett upp á heimasíðu ráðningarstofunnar Mannafls og gestum síðunnar gefinn kostur á að svara henni.**

Alls tóku 968 þátt í könnuninni. Það ber að hafa í huga að niðurstöður könnunarinnar, þegar litið er til svarenda, lýsa fremur viðhorfum fólks á Reykjavíkursvæðinu en annars staðar af landinu, stjórnenda fremur en annarra stétta, fólks á aldrinum 25-39 ára fremur en yngra eða eldra fólks og fólks með háskólapróf. Rúmlega 10% þjóðarinnar sögðust vera að leita að starfi í byrjun haust, samkvæmt niðurstöðum símakönnunar Gallup.

## Væntingar um betra starf

Tæplega helmingur svarenda eða 45% sagðist vera að leita að betra starfi þegar spurt var um ástæðu þess að viðkomandi væri í atvinnuleit. Þriðjungur var atvinnulaus eða með ótrygga atvinnustöðu og fimmtungur var að koma nýr inn á atvinnumarkaðinn.

Í könnuninni voru starfandi einstaklingar sérstaklega beðnir að tilgreina af hverju þeir væru að leita að nýju starfi. Þeim voru gefnir nokkrir svarmöguleikar og var hægt að nefna fleiri en einn. Sú ástæða sem oftast var tilgreind var að fólk vill prófa eitthvað nýtt en sú ástæða var nefnd í 73% tilvika. Skortur á starfsframa eða starfsþróun var einnig oft nefnt eða í 67% tilvika og launakjör og viðfangsefni í starfi fylgdu fast á eftir.

## Erfitt eða auðvelt að fá sambærileg kjör?

Þessir sömu aðilar voru einnig spurðir um væntingar sínar til vinnumarkaðarins, þ.e. hverjar þeir teldu líkurnar á því að fá starf með svipuðum launum og hlunnindum og þeir nytu í núverandi starfi. Þriðjungur taldi að það yrði auðvelt og þriðjungur að það yrði erfitt. Eftir því sem starfið er sérhæfðara því erfiðara telur fólk að það sé að fá sambærilegt starf. Þá er einnig áhugavert að karlar telja að erfiðara sé að fá starf með svipuðum launum og hlunnindum en konur.

## Vænta 230 þúsund kr. mánaðarlauna

Þá voru einnig kannaðar væntingar fólks til launakjara. Að meðaltali væntir fólk 230 þúsund króna í föst mánaðarlaun, karlar væntu 270 þúsund króna en konur 200 þúsund króna. Eftir því sem fjölskylduábyrgðin er meiri, aldur hærri og menntun meiri aukast væntingar fólks til launakjara. Þá kom í ljós að starfandi fólk vænti að jafnaði 23% launahækkunar við að skipta um starf.

## Netið mikið notað í atvinnuleit

Og að lokum má nefna að fólk í atvinnuleit er farið að nýta sér netið mjög mikið. Þegar spurt var hvort þátttakendur leituðu að upplýsingum um laus störf á netinu sögðust 74% oft nýta sér þann möguleika. Svipað hlutfall eða 73% sögðust oft nota dagblöðin. Innan við þriðjungur sagðist leita beint til fyrirtækja sem þeir myndu vilja starfa hjá.

## Af hverju ertu að leita að nýju starfi?

Þátttakendur sem voru í starfi þegar könnunin var gerð. Hlutföllin vísa til þeirra svarenda sem sögðu þættina sem hér eru taldir upp skipta máli fyrir þá ákvörðun sína að hætta í núverandi starfi.




AVIS Alltaf betri verð
Avis mælir með Opel

Góður kostur
Útvegum bíla um allan heim
Hringdu og pantaðu núna!
Frábær kjör á bílaleigubílum
Sími: 533 1090
Dugguvogur 10
Fax: 533 1091 - E-mail: avis@avis.is


Fagleg ráðgjöf skapar ótakmarkaða möguleika
Skattaafsláttur – Ef þú fjárfestir í hlutafélagi eða hlutabréfasjóði fyrir 133.333 kr. árið 2001 átt þú rétt á 31.008 kr. endurgreiðslu frá skattinum á næsta ári. Möguleikarnir eru margir og því er ráðgjöf sérfræðinga lykillinn að góðum árangri. Við búum yfir mikilli reynslu og ráðleggjum þér bestu kostina með hagsmuni þína að leiðarljósi.
Nýttu þér faglega og trausta ráðgjöf, hafðu samband í síma 535 2000.
GOTT FÓLK McCANN-ERICKSON · SÍA
Landsbankinn
Landsbréf

# DAGPENINGAR

Dagpeningar eru greiðslur sem launagreiðandi innir af hendi vegna tilfallandi ferðalaga starfsmanns á vegum vinnuveitanda og er ætlað að standa undir kostnaði hans vegna fæðiskaupa og gistikostnaðar, ef um það er að ræða.

Dagpeningagreiðslur vegna ferðalaga fylgja ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins um dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands og utan. Hér er um að ræða þá upphæð dagpeninga sem heimilt er að greiða vegna ferðalaga, þ.e. hafi fyrirtækið ekki sérstakar reglur um greiðslu ferðakostnaðar. Athugið að frádráttarbærir dagpeningar, þ.e. þær upphæðir greiddra dagpeninga sem heimilt er að draga frá skatti, eru lægri en sem nemur ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar. Ef starfsmaður fær hærri dagpeninga en sem nemur þeim upphæðum þarf hann að greiða skatt af mismuninum.

Sjá nánar í töflum hér á síðunni og á heimasíðum fjármálaráðuneytis, www.stjr.is/interpro/fjr/fjr.nsf/pages/fjr, og Ríkisskattstjóra, www.rsk.is

## DAGPENINGAR INNANLANDS

**Dagpeningar skv. ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar**
Gildir frá 1. október 2001

| | |
|---|---|
| Gisting og fæði í einn sólarhring | kr. 12.000 |
| Gisting í einn sólarhring | kr. 7.000 |
| Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag | kr. 5.000 |
| Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag | kr. 2.500 |

**Frádráttarbærir dagpeningar árið 2001 skv. upplýsingum frá Ríkisskattstjóra**

| | jan-maí | júní-ágúst | sept.-des. |
|---|---|---|---|
| Gisting og fæði í einn sólarhring | kr. 10.000 | kr. 11.400 | kr. 10.200 |
| Gisting í einn sólarhring | kr. 5.600 | kr. 7.000 | kr. 5.800 |
| Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag | kr. 4.400 | kr. 4.400 | kr. 4.400 |
| Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag | kr. 2.200 | kr. 2.200 | kr. 2.200 |

## DAGPENINGAR ERLENDIS

**Dagpeningar skv. ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar**
Gildir frá 1. júní 2001

| Almennir dagpeningar | | Gisting | Annað |
|---|---|---|---|
| Bretland og Rússland | SDR | 130 | 92 |
| New York og Washington | SDR | 135 | 80 |
| Asía og S-Ameríka | SDR | 133 | 107 |
| Annars staðar | SDR | 97 | 92 |
| **Dagpeningar v/þjálfunar o.fl.** | | **Gisting** | **Annað** |
| Bretland og Rússland | SDR | 83 | 59 |
| New York og Washington | SDR | 86 | 51 |
| Asía og S-Ameríka | SDR | 85 | 68 |
| Annars staðar | SDR | 62 | 59 |

**Frádráttarbærir dagpeningar árið 2001 skv. upplýsingum frá Ríkisskattstjóra**

| Almennir dagpeningar | | Gisting | Annað |
|---|---|---|---|
| Bretland og Rússland | SDR | 128 | 90 |
| New York og Washington | SDR | 132 | 78 |
| Asía og S-Ameríka | SDR | 130 | 105 |
| Annars staðar | SDR | 95 | 90 |
| **Dagpeningar v/þjálfunar o.fl.** | | **Gisting** | **Annað** |
| Bretland og Rússland | SDR | 82 | 58 |
| New York og Washington | SDR | 85 | 50 |
| Asía og S-Ameríka | SDR | 83 | 67 |
| Annars staðar | SDR | 61 | 58 |


YOTUEL®
HVÍTAR TENNUR



**YOTUEL plus tannlýsingarsett.** Örugg og einföld leið til að lýsa tennur.

**YOTUEL tannkrem.** Lýsir tennur og ver þær skemmdum. Inniheldur lítið af svarfefni og rispar því ekki glerung tanna.

**YOTUEL tyggigúmmí.** Viðheldur tannlýsingu og vinnur gegn tannskemmdum og tannsteini.

**YOTUEL munnskol.** Hjálpar við að lýsa tennur.

**YOTUEL** vörurnar eru vistvænar og rannsóknir staðfesta að þær eru í hæsta gæðaflokki og megi nota á hverjum degi.

SÖLUSTAÐIR:
Apótekið
LYFJA

Dreifing: FARMASÍA ehf.

Sími 575-5500
www.marud.is



# Gerðu jólainnkaupin í Íslandsbanka

## – og þú ræður hvað gjafirnar kosta!



Nú getur þú gert öll þín jólainnkaup á einum stað og komið þeim sem þér þykir vænt um skemmtilega á óvart með nýstárlegri gjöf frá Íslandsbanka. Gjöfina færðu í fallegri gjafaöskju.

Gefðu gjöf sem vex!



**Framtíðarreikningur fyrir Diddu frænku**

Á meðan flestar gjafirnar eru gleymdar og týndar að ári hefur þessi þvert á móti vaxið og dafnað því Framtíðarreikningurinn ber hæstu vexti sem bankinn býður hverju sinni.

**Georg sparibaukur fyrir Bidda litla**

Georg er góður félagi sem kennir börnunum að fara vel með peninga. Þessari sniðugu gjöf fylgir síðan aukagjöf í hvert sinn sem baukurinn er tæmdur.

**Heiðursmerki fyrir ömmu og afa**

Góð jólagjöf fyrir afa og ömmur eða alla þá sem náð hafa 60 ára aldri og „eiga allt“. Heiðursmerkið er frábær nýjung og ber hámarksávöxtun.



**Beinharðir pakkar fyrir mömmu og pabba**

Jólagjafir fyrir mömmur og pabba eru í miklu úrvali. Litlir pakkar, stórir pakkar, mjúkir pakkar og beinharðir pakkar. Mamma getur t.d. keypt nýtt veski handa pabba og hann getur valið að gleðja mömmu með Verðbréfareikningi eða Uppleið.





**Íslandsbanki – þar sem gjafirnar vaxa**

ÍSLANDSBANKI

www.isb.is

# AF EVRÓPUVETTVANGI



**• Fækkun starfsmanna hjá breskum flugfélögum • Sameining danskra stéttarfélaga erfið • Ný lög um vernd persónuupplýsinga á vinnustöðum í Finnlandi • Vinnuveitendur mega ekki skoða tölvupóst starfsmanna í Frakklandi • Hollenska alþýðusambandið krefst 4% launahækkunar 2002 • Aukning á tímabundnum ráðningum í Svíþjóð**

## Belgía

### Tillögur um vinnumöguleika eftirlaunafólks

Í ríkisstjórn Belgíu fara nú fram umræður um tillögu þess efnis að leyfa eftirlaunafólki að afla sér tekna með vinnu, án þess að það skerði verulega eftirlaunagreiðslur. Eins og staðan er nú skerðast ellilífeyrir og eftirlaunagreiðslur verulega ef viðkomandi fer að stunda atvinnu. Eftirlaunaaldur í Belgíu er milli 60 og 65 ára og eru allar tekjur umfram € 7,275 (ÍSK 694.000) á ári dregnar frá lífeyrisgreiðslum.

### Vinnuveitendur fá minni möguleika til að stöðva verkföll

Það gæti reynst örðugt fyrir vinnuveitendur í Belgíu að koma í veg fyrir verkfallsaðgerðir á næstunni ef áætlanir ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga. Stéttarfélög hafa fagnað mjög þessum áætlunum en þær hafa mætt andstöðu vinnuveitenda. Í dag geta vinnuveitendur stöðvað verkfallsferlið með því að lýsa yfir „mikilli neyð“, komist þannig hjá sáttaumleitunum í kjaraviðræðum við stéttarfélög og látið málið fara fyrir dómara sem ákveður hvort verða megi af verkfalli. Þetta ráð yrði tekið af vinnuveitendum og síðan yrði það félagsdómur sem fjallaði um slík mál en ekki venjulegir dómstólar eins og nú er en stéttarfélög telja sig hafa meira vægi í slíkum félagsdómi.

## Bretland

### Fækkun hjá flugfélögum

British Airways, British Midland og Virgin Atlantic flugfélögin á Bretlandi hafa öll tilkynnt um uppsagnir starfsfólks í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin. Eitt lítið flugfélag, Gill Airways, er þegar orðið gjaldþrota. Bæði stéttarfélög og flugfélögin hvetja nú stjórnvöld til þess að styrkja stoðir félaganna með fjárhagsstuðningi til að tryggja áframhaldandi rekstur þeirra. Hefur British Airways t.d. tilkynnt um uppsögn 5.000 starfsmanna í viðbót við 1.800 sem sagt var upp í haust.

### Atvinnulausum fjölgar eftir uppsagnir

Miklar uppsagnir hafa verið á Bretlandi á síðustu vikum vegna hins breytta efnahagsástands. Hefur þetta aukið mjög atvinnuleysi en líka minnkað kröfur um kauphækkanir. Markar þetta byrjun á aukningu atvinnuleysis sem hafði verið á niðurleið alveg síðan árið 1993.

## Danmörk

### Sameining stéttarfélaga að fara út um þúfur?

Tvær fyrirhugaðar sameiningar stéttarfélaga í Danmörku á árinu 2002 virðast vera að fara út um þúfur. Tillögu um sameiningu félaga járniðnaðarmanna og rafvirkja var hafnað af félagi rafvirkja nú nýlega. Á sama tíma eru mikil vandkvæði í samningaviðræðum um sameiningu félags fóstra á leikskólum og félags aðstoðarfólks á leikskólum.

### Verslunarmenn halda áfram að styrkja Sósíaldemókrata

Á þingi sínu dagana 6. – 11. október s.l. var ákveðið að HK, stéttarfélag verslunar- og skrifstofufólks, skyldi halda áfram að styrkja fjárhagslega stjórnmálaflokk Sósíaldemókrata. Miklar umræður hafa verið í félaginu undanfarin misseri um hvort tímabært sé að slíta þessi pólitísku tengsl. Þessi fjárhagsstuðningur hefur ávallt verið mjög umdeildur en meirihluti hefur þó verið fyrir að halda honum áfram.

## Finnland

### Ný lög um vernd persónuupplýsinga á vinnustað

Ný lög um vernd persónuupplýsinga á vinnustað hafa tekið gildi í Finnlandi. Lögin taka bæði til opinberra starfsmanna svo og þeirra sem starfa í einkageiranum og þeirra sem eru í atvinnuleit. Þessi persónuvernd tekur til niðurstaða prófa sem lögð eru fyrir starfsmenn, heilsufarsupplýsinga og eftirliti með starfsmönnum við vinnu.

## Frakkland

### Lafayette gerir kauptilboð í Marks & Spencer

Galeries Lafayette samsteypan, sem er ein þekktasta smásölukeðja Frakklands, hefur gert kauptilboð í rekstur Marks & Spencer búðanna sem nú eru við það að hætta rekstri. Það myndi bjarga 1.500 starfsmönnum frá atvinnuleysi. Marks & Spencer í Frakklandi hafa verið að leita að kaupanda að 18 verslunum þeirra eftir að tilkynnt var að 39 verslunum keðjunnar í Evrópu yrði lokað vegna rekstrarerfiðleika.

### Vinnuveitendur mega ekki skoða tölvupóst starfsmanna

Hæstiréttur í Frakklandi hefur úrskurðaða að vinnuveitendur megi ekki lesa persónulegan tölvupóst sem starfsmenn þeirra fá sendan eða fá á tölvur sínar á vinnustað. Er vísað í lög um verndun einkalífs.

## Grikkland

### Stéttarfélög búa sig undir samningaviðræður 2002

Tvö stærstu launþegasamböndin í Grikklandi hafa nú gefið út tilkynningu um markmið sín til launahækkana í viðræðum um allsherjarkjarasamning árið 2002. Markmiðið er að ná milli 5% og 7% hækkunum á launataxta sem er þó nokkuð hærra en áætluð verðbólga verður þar í landi á næsta ári.

## Holland

### 4% launahækkun sögð „óábyrg“

Alþýðusambandið FNV í Hollandi hefur krafist 4% launahækkana á árinu 2002 enda þótt lögð sé áhersla á að gera skammtímasamninga til eins árs vegna ótryggs efnahagsástands í kjölfar hryðjuverkanna 11. september í Bandaríkjunum. Samtök vinnuveitenda hafa sagt að þessi krafa sé mjög „óábyrg“og vilja að kröfur um kauphækkanir séu starfsgreinatengdar svo hægt sé að miða við stöðu einstakra greina.

## Írland

### Mikill niðurskurður hjá Aer Lingus

Ríkisflugfélagið Aer Lingus á Írlandi mun væntanlega segja upp 1.000 fastráðnum starfsmönnum og 700 lausráðnum á næstunni. Eru þetta viðbrögð við gífurlegu rekstrartapi í kjölfar hryðjuverkanna 11. september í Bandaríkjunum. Bókanir í ferðir frá Bandaríkjunum hafa minnkað um 75% á síðustu vikum og bregst flugfélagið við með þessum uppsögnum auk annarra aðgerða s.s. 25% fækkun flugleiða/áfangastaða.

### Mestar hækkanir hjá opinberum aðilum

Nýjar kannanir á Írlandi benda til þess að á árinu 2000 hafi launahækkanir verið mestar hjá opinberum fyrirtækjum og stofnunum. Þessum niðurstöðum hafa stéttarfélög opinberra starfsmanna tekið fálega og segja lítið að marka þær því störf í samanburði séu svo ólík þeim sem eru á einkamarkaði.



Frá Kaupmannahöfn.

## Ítalía

### Konur enn með lægri laun

Nýleg könnun hjá Jafnréttisráði Ítalíu sýnir að ennþá hafa konur lægri laun en karlar, jafnvel þær sem vinna sömu störf og karlarnir og enda þótt þær starfi eftir sömu allsherjarsamningum. Að einhverju leyti er þetta skýrt með tregðu kvenna við að taka að sér aukavinnu og t.d. vinnuferðir erlendis.

### Alitalia með neyðaráætlun

Stjórnarformaður ríkisflugfélagsins Alitalia hefur tilkynnt um sex mánaða neyðaráætlun félagsins vegna þess ástands sem skapast hefur í kjölfar hryðjuverkaárásanna þann 11. september í Bandaríkjunum. Meðal aðhaldsaðgerða er 13% fækkun starfsfólks. Lögð er áhersla á að þessar uppsagnir gætu aðeins verið tímabundnar og að margir ættu að geta fengið vinnuna aftur er fram líða stundir.

## Spánn

### Stéttarfélög hafna breytingum á atvinnuleysisbótum

Tvær stærstu launþegahreyfingar Spánar hafa hafnað áætlunum vinnumálaráðherra Spánar um breytingar á atvinnuleysisbótakerfi landsins. Ríkisstjórnin hafði haft af því áhyggjur að kostnaður við atvinnuleysisbótakerfið væri að aukast á sama tíma og atvinnulausum væri að fækka. Töldu ráðherrar að hugsanlega væri kerfið atvinnulausum ekki nógu gagnlegt auk þess sem brögð væru að því að vinnuveitendur segðu lausráðnum starfsmönnum upp í upphafi orlofstímabils og endurréðu þá svo aftur eftir orlofstímann en á meðan væru þeir á atvinnuleysisbótum.

## Portúgal

### Alþýðusambandið leggur fram kröfur

Alþýðusambandið í Portúgal, CGTP, hefur lagt fram kröfur sínar um kauphækkanir í samningum vegna ársins 2002. Meðal meginmarkmiða er 6% launahækkun, stytting vinnuviku í 35 stundir og krafa um endurbætur til að koma í veg fyrir vinnuslys.

## Svíþjóð

### Aukning á tímabundnum ráðningum

Á síðustu 10 árum hefur fjöldi tímabundinna ráðninga á vinnumarkaði í Svíþjóð tvöfaldast. Stéttarfélög hafa brugðist við þessari þróun með kröfum um bætta löggjöf um atvinnuöryggi til að tryggja að tímabundin ráðning sé í raun aðeins upphaf að fastráðningarferli.

## Þýskaland

### Schröder óskar eftir breytingum á uppsagnarákvæðum

Gerhard Schröder, kanslari í Þýskalandi hefur óskað eftir því við aðila vinnumarkaðar að mega leggja fram lagabreytingu um tilslökun á ákvæðum um uppsagnir. Þannig myndi í kjölfarið verða minni hætta á að vinnuveitendur yrðu kærðir fyrir ólöglega/ósanngjarna uppsögn á starfssamningi. Schröder segir núverandi kerfi bjóða upp á misnotkun launþega sem beiti því sem hótun við gerð starfslokasamninga.

*Árni Leósson*


Heimasíða VR: www.vr.is








*Það var jólabragur í Smáralind skömmu fyrir jól og nóg að gera, eins og þessi mynd ber með sér.* Mynd: Erling

# JÓLA-KROSSGÁTAN



## Verðlaun kr. 7.500

Lausnin á krossgátunni í nóvemberblaðinu er lappneskur málsháttur sem hljóðar á þessa leið:

**Níu vitringar geta ekki þaggað niður í einu flóni**

Dregið var úr réttum lausnum og upp kom nafn Hilmars M. Ólafssonar, sem hefur fengið verðlaunin. Myndin er af vinningshafanum.

Jólakrossgátunni, sem hér er til lausnar, fylgir sú vísbending, að lausnin sé úr kvæðinu „Jól“ eftir Stefán frá Hvítadal. Síðasti móttökudagur lausna er fimmtudagur 10. janúar. Vinsamlega látið kennitölu fylgja lausnum og skrifið „krossgáta" utan á umslagið. Utanáskriftin er: VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á tölvupóstfang vr@vr.is






HRÚG-ÖLD | FJÆR | SKREFFÆRI v RÁNDÝR | SKÍVAR GANG | DRÝGJA DÁÐ | GUÐ | ÖRNINN | KVEIKJA v ÁLSKAN | SEIN-LÆTI | ENDING | TRÖLL | LYKTA v EIN-KENNI

DÝPT-UR Í LUND | MÁLM-UR

STAR-SKYLDUR ERF-INGJAR | MELT-INGAR-FÆRIÐ

HER-BERGI | STARFS FÓÐRAR | ARG PÖKK FYRIR

TRÚ-AÐIR MENN | HVER-NEITA FISKAR

RÁNDÝR | BRAUÐ-VÍSAR SYSTIR | SKUNDA

SLITN-AR | GAFFAL | BÓK-STAFUR SNÁK

ATYRÐI | STÍFLA | HUGDAR v JÖTUR | GUÐS | MÓÐUR SKOTTA v FUGLA | SLÆMT MANNS-NAFN | GRÓTAR-LAMPI SUÐUR ÁT

HANG-END-URNIR | SAURGA HUG-ARAR | SKESS-AN | LÍK-AMS-HLUTANN

VILL-INGAR | 2 EINS HVAÐ | EILÍFÐ HAM-INGJA | ÖNUG v SKURÐ-URINN

SLEIKJA | VEL VERKI FARINN OFNANA | TÓK FLOKK-AR | REYTA ARFA REIFAR

MUNDÚ-FJÖLL + MÁNUÐUR | ELD-STÆÐI JÁRN | GÓÐ-GLAÐUR MANNS-NAFN

ÚTAFN-AN STANDA VIÐ | SKOR-DÝRIÐ | SKYLDI FLUG-ELDUR

EIN-KENNIS-STAFIR | KOMAN UM REGNÁL v MEÐAL | RÍKAR SVART-AR | SAMT-RÆÐA BOR

RENGJA + FUGL | SÝL BÚINN AÐ VERA | HEIMSK-INGJANA ÓREIÐAN | EKKERT UNDAN-SKILIÐ

KVEN-NAFN | BLAUT-ARA LEIFA | HVAÐAR-MENN BÚR

ÓROKK-AR | HAND-BOR | DRYKK-UR FEÐIR | TRÝNI | SVIK HITTI

GRÍSKUR BÓK-STAFUR JURT | LOF-AÐA | SKÁKAR FÓTMÁL

HÖGG | HITT NÆGI-LEGAR | ERFIÐI FJÁÐAN

KRAMAN | HARMA + GANGA KVÆÐIÐ | FRÆGÐ-AR-VERKS | ILÁTIN v TÓNN

BÓK-STAFUR | ÞEGAR SAUR | MÁLMUR HEPPN-AST | FÉLAG HAFIÐ | FLANA KVIKTA | BIGGING v SLÍM

LÍKAMS-HLUT-ANA | DRETTA + GLÆSI-LEGAR HITI | HRÆÐ-IST ARGIR

RIT | SELLA | KVAÐ SKRÁÐ

BRENNU | HEIMUR HANGA | ÍSLAND GUÐ | KVEN-DÝR HNOÐ

HEIÐ-URS | FJÖR | FÍFL LÍK | MÖL-BRJÓT-URINN 2 EINS

ÖGNIN | NAGL-ARR TANGI | ÍBÚI Í MENGI SJÓ

ENDING | ÓFULL-KOMIÐ | HEILLA-SKÁLAR | FÆÐA

ÆTALIR + HÆR-LEIKS | EYDDAR

# ÁTTU RÉTT Á STYRK ÚR SJÚKRASJÓÐI?

Samkvæmt lögum greiða vinnuveitendur 1% af útborguðu kaupi hvers og eins starfsmanns síns í sjúkrasjóð stéttarfélags hans. Reglur Sjúkrasjóðs VR kveða á um að hver fullgildur félagsmaður geti fengið endurgreitt í formi styrkja 40% af því sem atvinnurekandi hefur greitt fyrir hann í sjóðinn. Miðað er við gjöld greidd í sjóðinn frá 1. janúar 2000.

**Fullgildir félagsmenn VR geta sótt um styrk en sá félagsmaður telst fullgildur sem greitt hefur lágmarksfélagsgjald VR á undangengnum 12 mánuðum, alls kr. 5.678 miðað við árið 2001.**

Félagsmaðurinn ræður því sjálfur hvernig hann ráðstafar inneign sinni í Sjúkrasjóði innan eftirfarandi marka:

*Veittir eru styrkir vegna líf-, slysa- og sjúkdómatrygginga, líkamsræktar og endurhæfingar og kostnaðar vegna hjálpartækja s.s. gleraugna- og heyrnartækja, þ.e. ef ekki koma greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.*

## Veittir eru styrkir vegna líf-, slysa- og sjúkdómatrygginga, líkamsræktar og endurhæfingar og kostnaðar vegna hjálpartækja s.s. gleraugna- og heyrnartækja

Þetta þýðir til að mynda að hægt er að fá styrk úr sjóðnum til að stunda líkamsrækt að eigin vali, sækja endurhæfingu að eigin vali, kaupa sér gleraugu eða fá sér líftryggingu, svo framarlega að viðkomandi eigi inneign í sjóðnum.

Sækja þarf um styrk til sjóðsins á eyðublaðinu Umsókn um styrk sem hægt er að nálgast á heimasíðu VR, www.vr.is eða á skrifstofu VR á 1. hæð í Húsi verslunarinnar. Upphæð styrksins miðast við 50% af útlögðum kostnaði félagsmannsins samkvæmt reikningi, þó að hámarki 40% af greiddum iðgjöldum fyrir viðkomandi í sjóðinn, eins og áður sagði. Lágmarksstyrkur á hverju almanaksári er þó aldrei lægri en kr. 4.000.

### Dæmi um greiðslu úr sjóðnum

- Félagsmaður á inneign í sjóðnum kr. 15.000. Hann kaupir sér gleraugu sem kosta kr. 20 þúsund. Hann greiðir fyrir gleraugun, leggur fram reikninginn hjá Sjúkrasjóði VR og fær endurgreiddan helming kostnaðarins, eða kr. 10 þúsund.
- Þessi greiðsla dregst frá inneign hans í sjóðnum og á hann þá eftir inneign að upphæð kr. 5.000. Hann ákveður að fara í líkamsrækt og kaupir sér kort sem kostar kr. 15 þúsund. Hann greiðir fyrir kortið og leggur fram reikning hjá Sjúkrasjóði VR. Þar sem inneign hans nægir ekki fyrir helmingi kostnaðarins í líkamsræktina fær hann endurgreiddar kr. 5.000 og hefur þar með fullnýtt inneign sína hjá sjóðnum, að sinni.
- Á næstu mánuðum heldur hann hins vegar áfram að byggja upp inneign í sjóðnum að nýju um 40% af iðgjaldi í hverjum mánuði. Frá og með 1. janúar 2003 miðar inneign við greidd gjöld þrjú ár aftur í tímann. Inneign í sjóðnum sem er eldri en 3ja ára fellur þá niður.



# FALLEGAR VÖRUR FYRIR FALLEG HEIMILI



GÆÐA DAMASK SÆNGURFATNAÐUR [RÓSALÍN, GABRIELA, KARLA BREE COLLECTION, VAN DYKE] SATÍNLÖK M.TEYGJU [VAN DYKE] RÚMTEPPI, HANDKLÆÐI Í NÍU LITUM [RANGER] BAÐMOTTUR [RANGER] DÚNSÆNGUR & KODDAR OG MARGT FLEIRA

## Z BRAUTIR OG GLUGGATJÖLD

FAXAFEN 14 • SÍMI 525.8200

VR blaðið
8. tbl. – Desember 2001 – 23. árg.
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur



## Hvað ber að hafa í huga við fjarvinnu?

## Orlofshús VR félaga á Spáni

## Minnisblað verslunarmanna um jólin

# Endurskoðun kjarasamninga frestað

Laugavegur
Mynd: Pálmi Gu›mundsson